

47. stjórnarfundar Austurbrúar haldinn mánudaginn 11. Maí kl. 20:00

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í síma.

Mættir stjórnarmenn: Jón Björn Hákonarsson (JBH), Karl Lauritzson (KL), Berglind Hasler (BH), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Páll Baldursson (PB), Þórunn Egilsdóttir (ÞE) og Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Fjarverandi. Sveinn Jónsson (SJ).

Mættir starfsmenn: Guðrún Jónsdóttir (GJ), Björg Björnsdóttir (BB), Signý Ormarsdóttir (SO), Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Ársreikningur Austurbrúar 2014
3. Önnur mál
 - i) Starfsmannamál
 - ii) Húsnæðismál Vonarlandi – gögn frá Vísindagarði
 - iii) Brothættar byggðir – staða mála og næstu skref

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Staðfesting fundargerða

Fundargerð 46. fundar stjórnar staðfest.

2) Ársreikningur Austurbrúar 2014

Mættur er Magnús Jónsson lögg. endurskoðandi KPMG, sem annast endurskoðun Austurbrúar ses. og fór yfir ársreikning stofnunarinnar á árinu 2014 og endurskoðunarskýrslu. Að loknum umræðum og yfirferð stjórnar á ársreikningnum, samþykkir stjórn ársreikning Austurbrúar fyrir árið 2014 með undirritun sinni og leggur til við ársfund að hann verði samþykktur.

Jón Björn Hákonarson víkur af fundi og Sæunn Stefánsdóttir kemur inn á fundinn og tekur við stjórn fundarins.

3) Önnur mál

i) Starfsmannamál.

Málefni fært í trúnaðarmálabók

ii) Húsnæðismál Vonarlandi – gögn frá Vísindagarði.

Málið rætt og JÁÐ falið að ræða við forsvarsmenn vísindagarðsins mögulega breytingu á samningsdrögunum sem snúa að gildistíma samningsins.

iii) Brothættar byggðir – staða mála og næstu skref.

Málið rætt og JÁÐ falið að ganga frá samningi við Byggðastofnun á grundvelli umræðunnar á fundinum um fjármögnun verkefnisins út samningstímann og samstarf aðila við að tryggja fulla fjármögnun á verkefnið. Einnig er mikilvægt að ráðningatími verkefnisstjóra endurspegli stöðu fjármögnunar.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 21:59

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Páll Baldursson

Þórunn Egilsdóttir